Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF DESEMBERMÁNAÐAR 2025

VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRÐUM

FV@VESTFIRDIR.IS
WWW.VESTFIRDIR.IS
450-6600

MEÐBYR, METNAÐUR OG MÓTUN FRAMTÍÐAR

Sigríður Ó. Kristjánsdóttir - framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu

Ég lít yfir árið 2025 með stolti og þakklæti. Þetta hefur verið ár mikilla anna, stórra ákvarðana og sýnilegra skrefa í átt að þeirri framtíð sem við erum að móta fyrir Vestfirði. Starfsemi Vestfjarðastofu hefur einkennst af metnaðarfullum verkefnum sem leggja grunn að langtímavexti, öflugri hagsmunagæslu og ekki síst þeim ómetanlega krafti sem býr í fólkinu okkar.

Á árinu sáum við fjárfestingar blómstra, nýsköpun skjóta rótum og menningarlíf dafna. Íbúar, sveitarfélög og atvinnulíf hafa unnið saman að því að styrkja stoðir samfélagsins og horfa með bjartsýni og raunsæi til framtíðar.

Stærsta stefnumótunarverkefnið er Svæðisskipulag Vestfjarða þar sem horft er til ársins 2050 með það markmið að íbúum verði 11.000 og að með uppbyggingu sé stefnt þangað. Með þeirri vinnu hafa sveitarfélög sammælst um sameiginlega framtíðarsýn og raunhæfar aðgerðir. Auglýsingatillaga Svæðisskipulags verður væntanlega birt í janúar og gert er ráð fyrir því að sveitarfélögin afgreiði svæðisskipulagið vorið 2026.

Þá voru undirritaðir nýir fimm ára Sóknaráætlunarsamningar 2025–2029, sem gera okkur kleift að styðja áfram við atvinnulíf, menningu og byggðaþróun með heildarframlögum upp á um 960 milljónir króna.

Verkefnið Brothættar byggðir heldur áfram að styrkja smærri byggðarlög, meðal annars í Reykhólahreppi og Kaldrananeshreppi. Með nýju farsældarráði er þjónusta við börn og fjölskyldur samhæfð um allan landshlutann og verkefnið Öruggari Vestfirðir miðar að því að efla forvarnir og viðbrögð við ofbeldi.

Atvinnulífið hefur sjaldan verið öflugra. Gríðarlegar fjárfestingar í orkumálum, laxeldi, iðnaði, samgöngum og höfnum marka árið, og munu styrkja orkuöryggi og innviði til langs tíma. Vestfjarðastofa hefur jafnframt staðið sterka hagsmunabaráttu fyrir sjávarútveginn og stutt við frumkvöðla með ráðgjöf, viðburðum og styrkjum.

Ferðaþjónusta og markaðsstarf hafa verið í mikilli sókn, meðal annars með stórviðburðinum Gullkistunni Vestfirðir og öflugu kynningarstarfi erlendis. Menningarlífið blómstrar, ekki síst með barnamenningarhátíðinni Púkanum, opnun Baskaseturs Íslands og virkni Ungmennaráðs Vestfjarða. Þá er unnið er að nýrri menningarstefnu fyrir Vestfirði í víðtæku samráði við íbúa og menningaraðila.

Árið 2025 var ár samstöðu, vaxtar og trúar á framtíð Vestfjarða. Við höfum lagt grunn að langtímavexti, styrkt innviði og eflt samstöðu. Meðbyrinn sem við upplifðum á árinu er afrakstur mikillar vinnu og samstöðu. Ég vona að við höldum áfram að nýta hann til að efla enn og rækta Gullkistuna Vestfirði.

GULLKISTAN OPNUÐ

Gylfi Ólafsson - formaður stjórnar Vestfjarðastofu

Árið 2025 á vettvangi Vestfjarðastofu snerist í mínum huga um að opna Gullkistuna Vestfirði.

Í september héldum við sýningu í íþróttahúsinu Torfnesi var ekki bara sýning heldur yfirlýsing. Yfirlýsing sem fólst í að setja orð og myndir á það sem oft er erfitt að fanga: verðmæti sem verða til í samspili fólks, hugmynda, náttúru og seiglu.

Gullkistan dró saman fjölbreytt verkefni og atvinnugreinar á Vestfjörðum og sýndi hvernig nýsköpun, menning, matvælaframleiðsla, ferðaþjónusta og samfélagsverkefni mynda heild. Mikilvægast var þó hvernig sýningin virkaði inn á við. Hún varð sameiginlegur spegill fyrir samfélagið, þar sem íbúar, fyrirtæki og stofnanir sáu eigin störf í stærra samhengi. Hún minnti okkur á að framtíð Vestfjarða ræðst ekki af einu stóru átaki, heldur af fjölda verkefna sem styrkja hvert annað.

Í því samhengi gegnir Vestfjarðastofa lykilhlutverki. Hún tengir saman ólíka hagsmunaaðila, styður við hugmyndir og hjálpar þeim að verða að framkvæmdum. Gullkistusýningin er gott dæmi um hvernig slík samhæfing getur skapað ekki bara sýnileika, heldur líka sjálfstraust.

Vestfjarðastofa er ekki bara með höfuðið ofan í hörðum atvinnulífsmálum. Samræmingarhlutverk í þágu farsældar barna voru tekin inn í kjarnastarfsemi Vestfjarðastofu, áfram var unnið að ýmsum umhverfismálum, og menning og listir eiga stóran sess í daglegum verkefnum sem tengjast starfsemi Vestfjarðastofu.

Margir spurðu hvenær næsta sýning yrði og svarið er: Ekki strax. Svona grjóthart sprell er ekki ókeypis. Við fylgdum sýningunni eftir með ýmsum skrifum, fjárfestaheimsóknum og öðru. Og árið 2026 munum við áfram hlúa að og tala fyrir gullkistunni með hagsmunagæslu og samtölum um hvernig við getum aukið gullið sem hún geymir til hagsbóta fyrir Vestfirðinga og Íslendinga alla.

GULLKISTAN VESTFIRÐIR

SVÆÐISSKIPULAG VESTFJARÐA YFIR OG ALLT UM KRING

Aðalsteinn Óskarsson - sviðsstjóri byggðamála - Ísafirði

Á árinu stendur uppúr hjá mér hversu vel vinna við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða gekk, sérstaklega miðað við hve tíma og verkáætlun er í raun ströng. Verkið hófst síðla hausts 2023 og þá sett að markmiði að nýtt svæðisskipulag verði staðfest fyrir sveitarstjórnarkosningar vorið 2026. Þetta er að takast og mér eru í huga miklar þakkir til vestfirskra sveitarstjórnarmanna að ræða sig fram til niðurstöðu. Ég þakka líka samstarf og góða leiðsögn skipulagsráðgjafa okkar og svo aðild samstarfsfólks á Vestfjarðastofu sem býr yfir mikilli þekkingu á málefnum Vestfjarða.

Nú er að sjá hvað almenningur, hagaðilar og stofnanir vilja segja þegar opnað verður fyrir umsagnir um tillöguna.

Í mínum huga er mikilvægt að setja framtíðarsýn til næstu 25 ára og setja markmið um hvernig koma má þeirri sýn í framkvæmd. Hér aðalatriðið að ná fram jafnvægi milli nýtingar og verndunar til hagsbóta fyrir samfélögin á Vestfjörðum og tryggja þeim traustan grunn til að standa á. Náttúrugæði Vestfjarða eru líklega þau mestu á landinu en um leið eru þau viðkvæm og takmörkuð auðlind sem sýna þarf varfærni gagnvart svo viðhalda megi þeim til langrar framtíðar. Aukin nýting þessara gæða sem tekur mið af þessari viðkvæmu stöðu er kjarni í svæðisskipulaginu sem ætlað er að tryggja sjálfbærni samfélaganna sem það þjónar.

Ég horfi einnig til áskorananna er viðfangsefni svæðisskipulagsins munu þurfa að takast á við. Nefna má uppbyggingu húsnæðis fyrir nýja íbúa og samfélagslegar breytingar með nýjum íbúum og breytta aldurssamsetningu. Einnig er mikilvægt að lokið verði við nauðsynlega innviðauppbyggingu og auka samstarf sveitarfélaga.

Með gildistöku laga um farsæld barna var árið 2024 mótað nýtt verkefni um stofnun farsældarráða í hverjum landshluta sem landshlutasamtök sveitarfélaga fara fyrir. Farsældaráðum er ætlað að koma á virku samstarfi sveitarfélaga og ríkisins í málefnum barna. Hlutur landshlutasamtaka byggir á tímabundnu framlagi til tveggja ára, en því er ætlað að skila af sér forgangsröðun verkefna í þessum stóra málaflokki sem í eðli sínu er auðvitað ótímabundinn. Mér finnst ástæða að tilgreina þetta í samhengi við svæðisskipulagið því farsældarmál barna eru grunnur að því að framtíðarsýn svæðisskipulagsins rætist, sem og sýn Ungmennaráðs Vestfjarða sem birtist í tillögu þess:
„...setja þarf ungt fólk í forgang þegar kemur að húsnæðismálum, samgöngum, menntun, nýsköpun, atvinnu og félagslegu umhverfi. Tryggja þarf að Vestfirðir verði ekki aðeins fallegur staður til að heimsækja, heldur einnig góður og spennandi búsetukostur fyrir næstu kynslóðir.“

AÐ SKAPA FARSÆLD OG VERÐA VESTFIRÐINGUR

Erna Lea Bergsteinsdóttir
verkefnastjóri - Patreksfirði

Fyrir ári síðan bauðst mér einstakt tækifæri þegar Vestfirðingar ákváðu að taka sénsinn á mér, nýútskrifuðum félagsráðgjafa úr Hafnarfirði, að verða verkefnastjóri Farsældarráðs Vestfjarða. Í febrúar 2025 pakkaði ég lífi mínu saman í höfuðborginni, fluttist á Bíldudal og hóf störf á Vestfjarðastofu.

Stofnun svæðisbundinna farsældarráða er eitt þeirra verkefna sem stjórnvöld hafa hrundið af stað án þess að vita hvað þarf í raun að gera og því hefur árið hjá mér ekki verið án áskorana. Að byggja upp nýja starfsemi og samræma ólíka hagsmuni krefst þolinmæði og sveigjanleika. Við endurlitið tel ég reyndar þessa óvissu í upphafi hafa verið einn helsta kost verkefnis, því þá gafst tækifæri til að sníða ráðið eftir landshlutanum.

Einn af hápunktum ársins var farsældarþingið sem við stóðum fyrir í nóvember, þar sem sveitarfélögin stofnuðu formlega Farsældarráð Vestfjarða. Þangað mætti fjöldi fólks og fann ég sterkt hversu mikill vilji er til að vinna saman að betri framtíð fyrir börn og ungmenni á svæðinu.

Vestfirðingar láta sig farsæld barna varða og ég finn að það er einhver magnaður kraftur að byggjast upp í málaflokknum. Ég vinn með frábæru fólki á svæðinu sem er fullt af eldmóði og um þessar mundir er þetta fólk að safnast saman í farsældarráðið og er ég full tilhlökkunar að starfa áfram með þeim. Árið 2025 einkenndist af sköpun en árið 2026 mun einkennast af aðgerðum þar sem fyrsta verkefni farsældarráðsins verður að útbúa aðgerðaráætlun um farsæld barna á Vestfjörðum til fjögurra ára.

Ég tók við sem verkefnastjóri Ungmennaráðs Vestfjarða. Að fá að vinna með ungmennum og skapa rými þar sem þau geta tjáð sig, haft áhrif og fundið að rödd þeirra skipti máli hefur verið sérstaklega dýrmætt. Ungmennaþing Vestfjarða sýndi mér hversu auðugir Vestfirðingar eru af ungu fólki sem lætur sig samfélagið varða.

Ég vil þakka elskulegu vinum mínum á Bíldudal fyrir að hafa dregið mig til sín vestur. Það hefur verið mín lífsins lukka og er ég uppfull af þakklæti fyrir hlýjar móttökur, opinská samtöl og það traust sem mér hefur verið sýnt.

Á árinu fékk ég mínar 15 mínútur af frægð þegar ég var viðmælandi í Segðu mér og ræddi þessa lukku. Mest lesna frétt landsins í kjölfarið var að ég hafi fundið ástina á Vestfjörðum. Ég fann hana svo sannarlega, en ekki bara í hefðbundnum skilningi, heldur fann ég einnig ástina í vináttunni, starfinu og samfélaginu hér. Árið 2025 mun markast í mínu lífi sem árið sem ég varð Vestfirðingur, þvílík gæfa!

VIÐBURÐARÍKT ÁR HJÁ VESTFJARÐASTOFU

Guðrún Anna Finnbogadóttir
teymisstjóri atvinnu og byggðaþróunar
Patreksfirði

Þegar við renndum inn í nýtt ár hafði ákvörðun verið tekin um að halda atvinnuvegasýningu svo kynna mætti Vestfirðingum allt það sem vestfirsk fyrirtæki eru að gera. Strax upp úr áramótum fór undirbúningur Gullkistunnar Vestfirðir á fullt en hún var haldin 6. september í íþróttahúsinu á Torfnesi.

Einn þáttur í undirbúningnum voru heimsóknir í fyrirtæki um alla Vestfirði, til að hvetja til þátttöku og eiga gott spjall um stöðuna. Á því ferðalagi varð okkur atvinnuráðgjöfunum ljóst hversu mikil gróska er í atvinnulífinu. Fjöldi rótgróinna fyrirtækja hafa á undanförnum árum verið að tileinka sér nýja tækni og ný fyrirtæki sem eru að gera spennandi hluti hafa verið stofnuð og allir horfa til framtíðar.

Það hefur verið mikill vöxtur í fiskeldinu, þjónusta hefur verið að eflast og nokkrar stöður sérfræðinga á Vestfjörðum hafa verið mannaðar. Þörungar og kræklingur hafa verið okkur hugleiknir en þar strandar allt á regluverki til ræktunar sem vonandi hillir undir breytingar til batnaðar á.

Erlend og innlend rannsóknarverkefni eru mjög mikilvæg og vörður að farsælli framþróun á Vestfjörðum og laða slík verkefni að ungt fólk til starfa. Fjöldi verkefna á sviði umhverfismála hafa verið unnin, ráðgjöf veitt til aðila sem vilja fara í ný verkefni og stutt við rannsóknaverkefni.

Vestfirsk sjávarútvegsfyrirtæki eru ein af grunnstoðunum í tekjuöflun fjórðungsins og því mikilvægt að öll umgjörð um greinina sé góð. Á síðastliðnum árum hafa aflaheimildir í þorski dregist saman og hafa allar útgerðir stórar sem smáar reynt að laga sig að því. Sjaldan hafa samanlögð áhrif af aðgerðum stjórnvalda haft eins alvarleg áhrif á eins stuttum tíma á eina atvinnugrein og nú.

Á einu ári er búið að fella niður greiðslur vegna hráefnisskorts, setja veiðigjaldið á að fullu miðað við fiskmarkaðsverð, skera niður um helming skel- og rækjubætur og línuívilnun. Einnig færi betur á að setja niðurskurð almenna byggðakvótans inn í sértæka byggðakvótann sem hefur skilað fleiri heilsársstörfum. Aðgerðirnar verða að teljast mjög harkalegar en til viðbótar hefur ríkt óvissa á erlendum mörkuðum hvað varðar afurðaverð og tollamál.

Íslenskur sjávarútvegur hefur verið á heimsmælikvarða og skapað heilsársstörf í kringum landið. Hann hefur verið hryggjarstykkið í sjávarþorpum sem önnur atvinnustarfsemi byggir á og ber okkur Íslendingum skylda til að standa vörð um grunnstoðirnar.

Á Gullkistunni Vestfirðir kraumaði atvinnulífið, menningin, ferðamennskan og Vestfirðingar. Ef við erum samstíga geta Vestfirðir framtíðarinnar verið suðupottur framþróunar og lífsgæða.

ÁR HINNA MÖRGU HATTA

Steinunn Ása Sigurðardóttir - verkefnastjóri Flateyri

Árið 2025 er búið að vera alls konar, með troðfullt og afar fjölbreytt dagatal að vanda og hef ég fengið að klæðast hinum ýmsu höttum.

Árið hófst af krafti í janúar með árvissum viðburðum á Ferðaþjónustuvikunni, þar sem Mannamót markaðsstofa landshlutanna er ávallt hápunkturinn. Í mars og apríl hófst vinna við endurskoðun áfangastaðaáætlunar Vestfjarða með opnum fundum og myndun stýrihóps, sem var fylgt eftir í haust með endurskoðun uppbyggingarhluta áætlunarinnar, þar sem hlutverk sveitarfélaganna er betur skilgreint en áður. Það var birt á nýjum vef áfangastaðaáætlunar, með aukinni samræmingu milli landshluta, en það er afrakstur mikils og góðs samstarfs verkefnastjóra áfangastaðaáætlana í öllum landshlutum yfir rúmlega 2ja ára tímabil. Fljótlega á nýju ári verður lokið við þróunarhluta áætlunarinnar sem felst í skilgreiningu framtíðarsýnar og þróunarverkefna í ferðaþjónustu næstu árin.

Samhliða þessu hef ég ásamt Önnsku sinnt Evrópuverkefninu MERSE, sem snýr að samfélagslegri nýsköpun í dreifðum byggðum í samstarfi við aðila á Norðurlöndum og á Írlandi. Við höfum gert ýmislegt til að bæði kynna samfélagslega nýsköpun á Vestfjörðum og fræðast meira um hana í ferð til Mikkeli í Finnlandi. Ungmennaverkefnin voru einnig fyrirferðarmikill hluti starfs míns fyrri part árs, við styrkumsóknaskrif og þátttöku sem einn af 44 ungmennafulltrúum frá jafn mörgum löndum á Sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins í Strassborg. Það var virkilega lærdómsrík reynsla, sem staðfesti einnig að höfum verið á réttri leið er varðar eflingu ungmennalýðræðis í landshlutanum. Um mitt ár tóku Erna og Embla við keflinu í ungmennaverkefnunum og er gaman en líka sérstakt að sjá þann unga fljúga úr hreiðrinu og vaxa, en þau hófust þegar við héldum fyrsta ungmennaþingið fyrir rúmum 3 árum.

Eins og alltaf hafa verið ýmsir aðrir viðburðir og verkefni, en meðal þeirra sem stóðu upp úr hjá mér persónulega voru íbúaþing á Drangsnesi, Byggðaráðstefna og haustfundur atvinnuráðgjafa í Mývatnssveit, og svo var sérlega skemmtilegt að fá tækifæri til að stýra Farsældarþingi Vestfjarða í nóvember.

Þótt árið hafi verið þéttskipað og krefjandi á köflum, þá var það líka ár margra sigra og ár sem kenndi mér margt, og að þolinmæði og elja við að koma hlutum í góðan farveg skilar sér á endanum. Á næsta ári hlakka ég til að vinna áfram að betri Vestfjörðum, blessunarlega með ögn færri hatta. MERSE verkefnið er nú komið á lokasprettinn og munu næstu mánuðir einkennast af því að ljúka því með sóma og tryggja að lærdómur og afurðir nýtist áfram hér heima.

VAXTARSKEIÐ MEÐ ÁNÆGJU OG ÁSKORUNUM

Magnea Garðarsdóttir - verkefnastjóri Ísafirði

Árið 2025 var skemmtilegt og viðburðaríkt. Starfið mitt hefur á árinu aðeins breyst og hef ég fært mig meira í innri mál Vestfjarðastofu. Ætli ég sé ekki sá starfsmaður Vestfjarðastofu sem er með nefið í flest öllu sem henni við kemur, en það á þó sérstaklega við allskonar skrifstofu og reikningamál. Vestfjarðastofa hefur stækkað síðustu ár og erum við orðin 16 frábærir starfsmenn sem hér starfa og óhjákvæmilega eru ýmis mál og áskoranir sem fylgja stækkandi vinnustað.

Ég hef haldið áfram að sinna Sóknaráætlun Vestfjarða líkt og árin á undan, ásamt að halda utan fjárhag Uppbyggingarsjóðs og annarra minni sjóða. Ég hélt utan um ýmsa fasta viðburði á árinu en helst ber að nefna afmælisþing Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið var í Hnífsdal 16. og 17. september. Haustþingin eru alltaf skemmtileg og krefjandi og átti það vel við í ár.

Með nýju ári koma nýjar áskoranir sem gefa okkur tækifæri á að vaxa og upplifa eitthvað nýtt og hlakka ég til að takast á við þær. Á nýju ári verða líka10 ár síðan ég hóf störf hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða sem varð svo að Vestfjarðastofu. Sameining ATVEST og Fjórðungssambandsins voru heillaspor. Sporin voru ansi erfið þegar þau voru stigin en reyndust virkilega góð til framtíðar.

Mínar bestu óskir til ykkar um gleðilegt nýtt ár

VESTFIRÐIR KYNNTIR Á FERÐ OG FLUGI

Vilborg Pétursdóttir - verkefnastjóri Ísafirði

Árið sem er að líða hefur verið mjög fjölbreytt og skemmtilegt í starfi mínu hjá Vestfjarðastofu. Að venju byrjaði það með krafti í tengslum við ferðasýningar Mannamót og Mid-Atlantic. Ég skipti svo um hatt og stökk inn í verkefnastjórn Púkans Barnamenningarhátíðar sem fór fram í þriðja sinn um alla Vestfirði. Á sama tíma hófst vinna við sýninguna Gullkistan Vestfirðir en sú vinna var unnin jafnt og þétt alveg fram að sýningardegi 6. september. Þvílík veisla sem sú sýning var og var öll vinnan við hana skemmtileg enda unnin með frábæru teymi.

Ég fór með Markaðsstofunni í hringferð um Vestfirði þar sem haldnir voru opnir fundir í tengslum við mótun nýrrar áfangastaðaáætlunar og þróun vetrarferðaþjónustu á Vestfjörðum. Það var gaman að hitta ferðaþjóna heima í héraði og heyra hvað þeir eru að brasa.

Yfir árið fengum við heimsóknir frá erlendum fjölmiðlum og ljósmyndurum sem ferðuðust um Vestfirði. Í lok september fórum við Sölvi í blaðamannaferð með þýska blaðamenn í samstarfi við Íslandsstofu. Við fórum með þá vítt og breitt um Vestfirði og sýndum þeim brot af því besta sem landshlutinn okkar hefur upp á að bjóða.

Í byrjun október lá leið okkar norður á Akureyri þar sem Markaðsstofan sótti ferðasýninguna Vestnorden.

Þar fundum við fyrir miklum áhuga og vorum við þétt bókuð allan daginn. Í nóvember héldum við vinnufund í Bjarnarfirði þar sem hinar Markaðsstofur landshlutana komu í heimsókn til okkar. Ferðin var auðvitað nýtt til þess að sýna þeim hvað ferðaþjónustan á svæðinu er blómleg áður en fundarhöld hófust. Desember hefur að miklu leiti farið í undirbúning næsta starfsárs.

Árið hefur liðið hratt og erum við þegar byrjuð að undirbúa okkur fyrir næstu sýningu Mannamóta sem haldin verður núna 15. janúar í Kórnum í Kópavogi.

Gleðilegt nýtt ár & takk fyrir það gamla

ÁR KREFJANDI VERKEFNA

Sölvi Rúnar Guðmundsson teymisstjóri markaðs og menningar Ísafirði

Þegar ég lít yfir árið sem er að líða finn ég ekki eitt verkefni sem stendur sérstaklega upp úr. Þetta var ár þar sem nánast öll verkefni voru krefjandi, hvert á sinn hátt, og kröfðust mikillar eftirfylgni, samráðs og þolinmæði. Starf mitt hjá Markaðsstofu Vestfjarða spannar þróun, hagsmunagæslu og markaðssetningu, og oft fléttast þessir þættir saman í einu og sama verkefninu.

Á vormánuðum fór stór hluti vinnu minnar í málefni skemmtiferðaskipa. Umræða um innviðagjöld og fyrirhugað afnám tollfrelsis vakti miklar áhyggjur, enda hefðu slíkar breytingar haft veruleg áhrif á Vestfirði og aðra viðkvæma áfangastaði. Þar sinnti ég hagsmunagæslu í samstarfi við aðra hagaðila og lagði áherslu á að sjónarmið ferðaþjónustunnar kæmu skýrt fram. Sú vinna skilaði áþreifanlegum árangri: frumvarpið var endurskoðað, gjöldin lækkuðu úr 2.500 kr. í 1.600 kr. og hætt var við afnám tollfrelsis. Þetta var eitt af þeim augnablikum þar sem mér fannst ljóst að vinnan skipti raunverulegu máli.

Í sumar settum við í gang innanlandsherferð til að kynna Vestfjarðaleiðina og hana sá þriðjungur þjóðar. Hún þótti vel heppnuð og fengum við hrós fyrir gott markaðsefni frá auglýsingastofunum. Hvernig er ekki hægt að vera með gott efni þegar fyrirsætan manns er Vestfirðir?

Annað stórt verkefni á árinu er undirbúningur vegna almyrkva sólar 12. ágúst 2026. Í nær tvö ár hafa markaðsstofur landshlutanna og aðrir hagaðilar bent á mikilvægi þess að hefja tímanlega skipulegan undirbúning. Því setti ég í samstarfi við sveitarfélög á Vestfjörðum á laggirnar starfshóp um almyrkvann. Samhliða því höfum við hjá Markaðsstofu Vestfjarða unnið þétt með öðrum markaðsstofum að samræmingu og miðlun upplýsinga. Nú hefur ríkið loks tekið við sér og hyggst koma á fóti bæði stýrihóp og verkefnahóp, sem sýnir að þessi vinna hefur haft áhrif.

Á árinu hófst einnig heildarendurskoðun á áfangastaðaáætlun Vestfjarða. Sú vinna fór vel af stað, sérstaklega hvað varðar gagnaöflun og samtal við hagaðila, og gert er ráð fyrir að ný áætlun verði gefin út á fyrsta ársfjórðungi næsta árs. Fyrir mig er þetta eitt mikilvægasta verkefnið, þar sem hér er lagður grunnur að forgangsröðun og uppbyggingu til framtíðar.

Með þessu öllu hefur dagleg vinna við kynningarmál haldið áfram. Þar má nefna westfjords.is, samfélagsmiðla, ferðasýningar, PR-verkefni, samstarf við áhrifavalda og móttöku blaðamanna. Þetta er stöðug vinna sem byggir upp sýnileika og traust, oft án þess að hún sjáist strax.

Ég horfi bjartsýnn fram á veginn. Verkefnin eru mörg og krefjandi, en tækifærin líka. Almyrkvi 12. ágúst 2026 er eitt þeirra verkefna sem ég hlakka sérstaklega til að vinna áfram að á næstu misserum.

Gleðilegt ár og takk fyrir samstarfið á liðnu ári

GÖMUL GÖGN, GAGN, GAMAN OG HÆFILEGA MIKIL HEFTAÁFÖLL

Kristín Hulda Guðjónsdóttir - skrifstofa Ísafirði

Enn eitt árið er liðið og það fór hraðar en maður nær að segja „hvar á þetta skjal eiginlega heima?“. Verkefnin voru mörg, dagarnir stuttir og dauðar stundir nánast óþekkt hugtak.

Stærsta þrekraun ársins hófst þegar ég fékk afhentan fjallgarð af gömlum skjölum – sum þeirra allt að 60 ára gömul og greinilega alin upp við allt aðrar skrifstofuaðstæður. Þá var ekki um annað að ræða en að hefja fornleifauppgröft í pappírsformi. Blað fyrir blað, hefti fyrir hefti: hvað skyldi varðveita og hvað mætti loksins fá sitt frelsi (eða fara í pappírshimininn).

Það merkilegasta við þessa ferð aftur í tímann var að sjá að við Vestfirðingar höfum verið að berjast fyrir sömu málum í áratugi. Tæknin hefur þróast, kaffivélar orðið betri, en málin? Áfram Vestfirðir!.

Og svo eru það heftin. Ég er sannfærð um að á einhverjum tímapunkti hafi verið keppni í gangi: hver nær að setja flest hefti í eitt skjal? Sum skjölin voru ekki heftuð – þau voru hnoðuð saman af hreinni þrjósku. Hvert hefti var lítið spennuverkefni þar sem ég spurði sjálfa mig: „Verð ég fyrir slysi, skjalið, eða bæði?“ Þetta var í senn handavinna, áhættuíþrótt og ókeypis taugapróf.

Sem betur fer vó allt þetta upp á móti samstarfinu við frábæra fólkið sem ég vinn með. Með góðu teymi verður jafnvel heftastríð og 60 ára pappír bærilegt – og stundum jafnvel hlægilegt.

Nú fetum við okkur inn í nýtt ár reynslunni ríkari, með sterkari fingur, aukna virðingu fyrir heftum og von um færri pappírsfossa í framtíðinni.

Takk fyrir árið og ævintýrin. Skál fyrir nýju ári – megi það verða léttara, stafrænt og með færri heftum!

ÞAKKLÆTI OG LÆRDÓMUR

Embla Dögg Bachmann
verkefnastjóri - Reykhólum

Ég hóf störf hjá Vestfjarðastofu þann 1. febrúar 2025, sem verkefnastjóri Brothættra byggða í Reykhólahreppi. Frá fyrsta degi upplifði ég djúpt þakklæti fyrir að hafa verið ráðin í þetta fjölbreytta og gefandi hlutverk og fyrir að fá að ganga til liðs við frábært samstarfsfólk. Þetta starfsár hefur verið ótrúlega lærdómsríkt og stútfullt af minningum og reynslu sem hafa mótað mig bæði faglega og persónulega.

Verkefnið fékk heitið Fjársjóður fjalla og fjarða og hefur það verið mitt helsta starf. Í aðdraganda íbúaþings Brothættra byggða í Reykhólahreppi lagði ég sérstaka áherslu á að ná til unga fólksins okkar. Í því skyni heimsótti ég grunnskólann, hitti nemendur á öllum skólastigum og gaf þeim tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri. Þar kom skýrt í ljós að ungmennin höfðu margt mikilvægt að segja um framtíð samfélagsins. Á íbúaþinginu sjálfu komu íbúar saman, deildu framtíðarsýn sinni og ræddu áskoranir byggðarinnar. Samtölin voru einlæg og uppbyggileg og urðu grunnur að metnaðarfullri verkefnisáætlun sem endurspeglar þarfir allra kynslóða. Að fá að vera hluti af þessu ferli var mikill innblástur.

Frumkvæðissjóður Fjársjóðs fjalla og fjarða opnaði þann 1. júlí. Hægt var að sækja um fram í byrjun september og í október hlutu 16 verkefni styrk. Það var ánægjulegt að sjá hversu öflugar og vel mótaðar hugmyndir komu fram og hve mikið frumkvæði býr í íbúum svæðisins. Úthlutunarathöfnin var hátíðleg og í kjölfarið vann ég að samningum við styrkþega.

Ungmennaþing Vestfjarða, sem ég vann að með samstarfskonu minni, Ernu Leu stóð einnig upp úr á árinu. Þar fengu ungmenni vettvang til að láta rödd sína heyrast og hafa raunveruleg áhrif á framtíð Vestfjarða. Samstarfið við ungmennaráð og alla þá sem komu að þinginu var afar gefandi.

Vestfjarðasýningin Gullkistan var eftirminnilegur viðburður. Að taka þátt í svona lifandi verkefni þar sem fyrirtæki og frumkvöðlar komu saman var virkilega gaman. Andrúmsloftið var töfrandi og fullt af jákvæðri orku og minnti á hversu mikill kraftur býr í fólkinu okkar á Vestfjörðum.

Ferðir og viðburðir voru áberandi hluti starfsins á árinu. Ég sótti fundi, ráðstefnur og þing víða. Það gaf mér tækifæri til að kynnast ólíkum málefnum, vinna með fjölbreyttum hópum og byggja upp sterkt tengslanet.

Að lokum vil ég þakka innilega öllum sem ég hef átt í samstarfi við á þessu ári – fyrir hlýjar móttökur, traust og faglega samvinnu. Þetta ár hjá Vestfjarðastofu hefur verið sannkallaður fjársjóður sem ég mun bera með mér lengi.

SAMSTARF VAR ÞEMA ÁRSINS

Magnús Bjarnason - verkefnastjóri Ísafirði

Árið 2025 var eins og oft áður viðburðarríkt, verkefni tókust vel, farið var af stað með ný verkefni og ekki varð af spennandi verkefnum eins og gengur og gerist, eins og Horizon umsókn okkar sem fékk synjun þrátt fyrir góða einkunn upp á 14 stig af 15 mögulegum. Vinnan við umsóknina var lærdómsrík og góð, því það er ríkur vilji til samstarfs við góðar hugmyndir vítt og breitt um Evrópu. Öðru fremur þurfa sterkar umsóknir tvennt; góða hugmynd og marga góða samstarfsaðila.

Verkefni sem styrkt var af Lóunni um nýtingu á hliðarstraumum í vestfirskum sjávarútvegi kláraðist. Þar var horft á þá möguleika sem felast í vinnslu ónýttra hráefna. Mikil tækifæri felast í hliðarafurðum fiskvinnslunnar og geta þau skilað auknum tekjum. Spennandi verður að þróa þennan geira áfram til aukinnar verðmætasköpunar.

Við í atvinnuþróuninni tókum okkur saman í vor og heimsóttum fyrirtæki um alla Vestfirði. Það er gefandi að fá að sjá þann kraft sem býr í fólki og almenna bjartsýni til framtíðar. Þó komu fram alvarlegar áhyggjur af miklum ytri breytingum í rekstrarumhverfinu, aðallega í sjávarútvegi. Það er óskandi að skref til breytinga séu ávallt mjög vel ígrunduð.

Tvö erlend verkefni hófust á árinu og kláraðist annað skömmu fyrir jól. BENIGN var styttra verkefnið og snerist um möguleika þörunga til orkuframleiðslu. Niðurstaðan sýndi að slíkt sé mögulegt en fýsileikinn vafasamur. BOCOD er NPA verkefni þar sem kynslóðaskipti í atvinnulífinu eru viðfangsefnið. Vestfjarðastofa mun vinna með írskum, finnskum og austfirskum starfssystkinum að þessu verkefni næstu þrjú árin.

Samstarf var svolítið þema ársins, því í sumar hófst Startup Landið – nýsköpunarhraðall landsbyggðarinnar, þar sem landshlutasamtökin sameinuðu krafta sína til að styðja frumkvöðla. Vestfirskir fulltrúar voru þau Dagbjartur og Guðrún á Þingeyri, sem eru að opna verslunar- og veitingaskálann á Þingeyri og þeir Geir og Önni á Flateyri, sem hafa þróað nýstárlega lausn til aukinnar orkunýtingar af LED gróðurljósum. Vonast er til þess að festa þennan hraðal í sessi og jafna bilið á milli landsbyggðar og höfuðborgarinnar í aðstoð við frumkvöðla.

Það sem gerir starf verkefnastjóra hjá Vestfjarðastofu einstaklega ánægjulegt eru forréttindin að hafa samband við fólk um alla Vestfirði. Það er það sem stendur upp úr árinu að hafa fengið að kynnast fleira fólki um okkar flotta fjórðung sem er að gera honum gagn. Það er einnig mín ósk fyrir komandi ári að gera gagn og aðstoða Vestfirðinga áfram við verkefni sín.

ÁRSPISTILL MENNINGARFULLTRÚA

Skúli Gautason – menningarfulltrúi Vestfjarða
Hólmavík

Vestfirska barnamenningarhátíðin Púkinn var haldin í þriðja sinn síðastliðið vor. Að þessu sinni var lögð megináhersla á valdeflingu barna með aðferðafræði brasilíska leikhúsmannsins Augusto Boal, sem er á ensku kölluð „Theatre of the Oppressed“ eða Leikhús hinna undirokuðu. Hún snýst um að skoða umhverfi sitt með gagnrýnum hætti í gegnum leiki sem hann hefur þróað. Leikkonan Birgitta Birgisdóttir stýrði því verkefni með miklum myndarbrag vítt og breitt um Vestfirði. Að auki var boðið upp á margvíslegar smiðjur og listgjörninga á dagskrá hátíðarinnar.

Unnið var að verkefni sem gengur út á að skrá allt það húsnæði á landinu sem hýsir menningarstarfsemi. Þetta verkefni var unnið af menningarfulltrúum landshlutanna og er nú á lokametrunum. Þar hefur orðið til býsna ítarlegur gagnagrunnur um húsnæðismál í menningargeiranum og verður áhugavert að fylgjast með því hvernig hann verður nýttur í framhaldinu.

Tekin var í notkun ný umsóknargátt fyrir Uppbyggingarsjóð Vestfjarða. Hið nýja fyrirkomulag var reynt í fyrsta skipti með úthlutun haustsins, en hún styrkir verkefni sem koma til framkvæmda á árinu 2026. Óvanalega margar umsóknir bárust og það sem meira er, umsóknirnar voru yfirleitt mun betur unnar en stundum áður, svo starf fagráða og úthlutunarnefndar var ekki auðvelt. Almennt þykir nýja umsóknargáttin hafa heppnast vel, hún er mun víðfeðmari en sú fyrri og fylgir umsækjendum frá því að þeir byrja að skrifa umsóknina þar til verkefninu er lokið og lokaskýrslu hefur verið skilað.

Baskasetur Íslands var opnað með formlegum hætti 20. september og var vegleg opnunarathöfn haldin í Djúpavík að viðstöddum fjölda gesta.

Menningarfulltrúar landshlutanna eiga gott samstarf enda vinna þeir iðulega að sömu meginmarkmiðum, að efla menningu á landsbyggðinni og brúa gjána milli höfuðborgar og landsbyggðar. Síðastliðið haust hitti hópurinn Loga Má Einarsson, ráðherra menningarmála sem lýsti yfir mikilli ánægju með fundinn og vilja til að vinna mun nánar með hópnum.

Unnið var að gerð menningarstefnu fyrir Vestfirði og aðgerðaáætlun sem tengist henni. Þeirri vinnu verður haldið áfram á nýju ári enda mikilvægt að slíkt sé unnið í nánu samtali við Vestfirðinga.

KRAFTUR OG SKEMMTILEGHEIT

Anna Sigríður Ólafsdóttir
verkefnastjóri - Ísafirði

Nú er liðið mitt annað ár í vinnu hjá Vestfjarðastofu og var það mikið ævintýri. Ég minnist þess þegar ég var ráðin í vinnu að Sirrý útskýrði fyrir mér helstu álagstímana og sagði síðan „og svo koma rólegir tímar inn á milli.“ Allar götur síðan hef ég rukkað hana um þessa rólegu tíma. Það kom reyndar þarna ein vika í júlí og ein vika í desember sem ég tengi við að hafa getað verið í einhverjum svona dúllerís verkefnum, verkefnum sem þó jafnframt eru inn í starfsáætlun. Nú vil ég alls ekki hljóma eins og ég sé að barma mér undan álagi (þó það hafi líka komið fyrir) og vil taka skýrt fram að mér finnast verkefnin mín hjá Vestfjarðastofu yfirleitt virkilega skemmtileg.

Þegar ég horfi yfir árið eru nokkur verkefni sem standa upp úr. Fyrst og fremst er það auðvitað Gullkistan okkar góða sem var ævintýraleg þeysireið. Ég er sjúklega ánægð hvernig til tókst með þessa stórsýningu atvinnulífs og menningar á Vestfjörðum. Efst í huga mér er hinn óviðjafnanlegi samtakamáttur sem skóp þessa mögnuðu útkomu og gleðin og stoltið sem voru höfuðeinkenni viðburðarins.

Vinna við evrópuverkefnið MERSE var fyrirferðarmikil á árinu og fékk ég í tengslum við það að heimsækja bæði Finnland og Írland sem var afar áhugavert og skemmtilegt. Samfélagsleg nýsköpun í dreifðum byggðum er viðfangsefnið og hef ég lært gríðarlega mikið um þetta mikilvæga verkfæri í velsæld á landsbyggðinni. Annað sem snýr að því að auðga lífið er barnamenningarhátíðin Púkinn sem ég hef komið að. Ég tel hana vera eitt af mikilvægari verkefnum okkar og það gleður djúpt mitt menningarhjarta að vita af því að með henni fái öll grunnskólabörn á Vestfjörðum að kynnast ólíkum listum.

Ég átti í allra handa skemmtilegu samstarfi á árinu til dæmis í fyrirlestraröðinni Forvitnum frumkvöðlum sem Vestfjarðastofa stendur að í samvinnu við öll hin landshlutasamtökin á Íslandi.
Ég kom líka að undirbúningi fyrsta sameiginlega hraðalsins okkar sem fékk heitið Startup landið.

Miðlunarmál Vestfjarðastofu eru á minni könnu. Við höfum í gegnum verkefni okkar fengið góða umfjöllun og ekki má gleyma mánaðarlegu fréttabréfi okkar sem við göntumst með að kalla rit Vestfjarðastofu því það er oft ansi þétt.

Vestfjarðastofa er góður vinnustaður. Ég er umkringd kraftmiklu og skemmtilegu fólki og hér er mikil þekking á ólíkum sviðum. Ég hvet fólk til að vera óhrætt við að leita til okkar um atvinnuráðgjöf, því við erum öll í því saman að skapa frábæra Vestfirði.

EFST Á BAUGI: LOFTSLAGSSTEFNA, GRÆNT BÓKHALD, ÚRGANGSMÁL OG KOLEFNISEININGAR

Hjörleifur Finnsson - verkefnastjóri Ísafirði

Ég var ráðin sem verkefnastjóri umhverfis- og loftslagsmála í ágúst 2023. Meginverkefni mín hafa verið úrgangsmál, loftslagsmál, umhverfismál svæðisskipulags og RECET evrópuverkefnið um orkuskipti.

Í úrgangsmálum bar hæst að í byrjun árs var skipað í Úrgangsráð, í því sitja fulltrúar frá öllum sveitarfélögunum og tók það til starfa í mars. Úrgangsráðs hefur skv. svæðisáætlun um úrgang það verkefni: ...að stilla saman strengi, vinna að og fylgja eftir þeim verkefnum í úrgangsmálum sem varða öll sveitarfélögin á Vestfjörðum. Alls voru haldnir átta fundir í netheimum þar sem m.a. var fjallað um lífúrgang og jarðgerðarvélar, samþykktir sveitarfélaganna í úrgangsmálum, urðunarstaði og almennt staða úrgangsmála hjá sveitarfélögunum. Nú er verið endurskoða störf ráðsins með tilliti til reynslunnar 2025.

Talsvert var unnið að gerð loftlagsstefna sveitarfélaganna og héldum við Finnur Ricart frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, fjölda vinnustofa um gerð loftlagsstefna. Seinni hluta ársins var öll áhersla lögð á að klára innleiðingu á rafrænu grænu bókhaldi með kerfi frá Klöppum. Sú innleiðing er nú á lokametrunum og munu þá sveitarfélögin fá grunnlínu til viðmiðunar í markmiðasetningu loftlagsstefnunnar auk þess sem þau munu geta fylgst með árangri sínum í loftlagsmálum í rauntíma.

RECET verkefnið eða Rural Europe for the Clean Energy Transition er þriggja ára samstarfsverkefni fimm landa og fjölmargra sveitarfélaga um orkuskipti sem hefur haft mikla samlegð með gerð loftslagsstefnu sveitarfélaganna. Verkefninu lýkur í október á þessu ári, og verða þá sveitarfélögin vonandi flest komin með orkuskiptaáætlun sem hluta af loftlagsstefnu sinni.

Auk þessara verkefna, má nefna sprotaverkefni til þess að styðja við framleiðslu kolefniseininga fyrir valkvæða kolefnisjöfnunarmarkaðinn. Það verkefni á rætur sínar í loftlagsstefnugerð sveitarfélaganna þar sem svara þurfti með hvaða hætti þau gætu kolefnisjafnað starfsemi sína. Ég varði allnokkrum tíma til að þróa verkefni til uppbyggingar á þekkingu og getu til endurheimtar votlendis, sem lofar góðu hvað varðar hagkvæmni og loftlagsárangur. Vestfjarðastofa fékk svo styrk frá loftlagssjóði norrænu ráðherranefndarinnar í blálok árs 2025 í þetta verkefni í samstarfi við danska og norska aðila.

Auk fyrrgreindra verkefna sinni ég allri almennri ráðgjöf um umhverfismál og sértækri ráðgjöf um umsóknir í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.



ENGINN ER VÍST ÓMISSANDI

Valgeir Jens Guðmundsson - verkefnastjóri Drangsnesi

Í lok júlí síðastliðin fékk ég þær fréttir að Vestfjarðastofu hugnaðist að ráða mig sem verkefnistjóra Brothættra Byggða fyrir Kaldrananeshrepp. Ég fékk mig á einhvern undraverðan hátt lausan frá starfi mínu án þess að þurfa að vinna uppsagnafrestinn og byrjaði 25. ágúst í nýju starfi. Þegar ég hugsa um það núna í miðjum desember þá renna á mann tvær grímur. Er í alvöru bara hægt að skipta manni út á mánuði? Enginn er víst ómissandi, sem er ákveðið sjokk fyrir egóið en frelsandi fyrir andann. Það þýðir nefninlega líka að ég ætti að geta hoppað í nýtt hlutverk eins og hver annar. Ég mætti s.s. í nýja vinnu með alveg dásamlegu útsýni. Rúmlega viku síðar var búið að ákveða að halda íbúaþing 4.-5. október. Í kjölfarið var hafist handa við verkefnaáætlun sem var svo kynnt íbúum á íbúafundi 11. nóvember. Eftir þann fund var hafist handa við að klára verkefnaáætlun og þann 1. desember opnað fyrir umsóknir í frumkvæðissjóð Jú víst! Kraftur í Kaldrana. Mér skilst að þetta hafi allt verið á met tíma og tiltölulega áfallalaust. Íbúaþáttaka var mjög góð og íbúar komu með margvíslegar skemmtilegar hugmyndir sem gaman verður að vinna að með þeim frábæra hópi sem býr í Kaldrananeshreppi.

En þar sem minn nýji yfirmaður, hún Sirrý, er sérlega dugleg að ýta verkefnum að starfsmönnum sínum þá var þetta ekki það eina sem ég fékk að vera hluti af. En ég fékk að vera með á Gullkistu Vestfjarða sem var frábær sýning þar sem hægt var að sjá margt af því ótrúlega fjölbreytta starfi sem Vestfirðingar vinna að. Einnig fékk ég að undirbúa málþingið Leiðir til byggðafestu þar sem við fengum sérlega áhugaverða fyrirlesara um þá nýsköpun og þann kraft sem er í bændastéttinni. Ég fékk einnig að vera hluti af Markaðsstofu Vestfjarða þar sem ég ásamt Sölva Guðmundssyni (ótengdur mér samt að öllu leyti) erum að vinna með hóp af góðu fólki að undirbúningi fyrir almyrkva sólar sem verður 12. ágúst klukkan 17:44 á Ísafirði.

Þó ég sé alveg nýkominn í þann fjölbreytta hóp sem vinnur hjá Vestfjarðastofu þá er þetta svolítið eins og að koma aftur á gamlan vinnustað. Hópurinn er sérlega skemmtilegur, tekur sig ekki of alvarlega og er jafnvel til í að hlusta á lélega pabbabrandara sem ég hef reyndar reynt að stilli í hóf. Móttaka starfsmanna Vestfjarðastofu á nýja SAS manninum var því einstaklega góð og viðleitni allra til að aðstoða algerlega til fyrirmynda. Ég hlakka því til verkefna komandi árs.

GOTT SÍÐASTA FULLA ÁR Í STARFI

Margrét J. Birkisdóttir – bókhald
Ísafirði

Árið 2026 markar 25. ár mitt í starfi hér í Vestrahúsinu. Fyrst um sinn sá ég um bókhald fyrir Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og þegar Háskólasetur Vestfjarða var stofnað tók ég að mér bókhaldið þar og svo bættist Fjórðungssambandið við.

Þegar Vestfjarðastofa tók til starfa árið 2018 varð ég starfsmaður hennar og sinni bókhaldi stofnunarinnar. Einnig sinni ég enn bókhaldi fyrir Þróunarsetrið, Fjórðungssambandið og Háskólasetrið, auk Bláma.

Suma daga fæst ég við venjubundin störf á skrifstofunni. Svo koma dagar sem geta verið ansi fjölbreyttir þar sem kannski koma aðilar frá öllum þessum stofnunum og eru að leita upplýsinga eða koma með pappíra til mín.

Alla daga er nóg að gera og alltaf gaman því samstarfsfólkið er svo frábært.

Nú er að líða að lokum starfsævinnar þar sem ég mun láta af störfum í maí. Ég ætla að njóta með mínum besta og fara að sinna meira börnum og barnabörnum sem öll búa annarsstaðar. Ég ætla líka að ferðast enn meira og njóta hitans sem vantar hér.



Ég er virkilega spennt fyrir komandi tímum og þakka öllum kærlega samfylgdina síðasta aldarfjórðunginn.

Starfsfólk og stjórn Vestfjarðastofu sendir Vestfirðingum og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðilegt ár, með þökk fyrir góð viðkynni á nýliðnu ári.

Við hlökkum til að starfa með ykkur og í þágu öflugra Vestfjarða árið 2026.